

### **Nafn, tilgangur og félagar.**

1. gr. Nafn félagsins er Faró, félag félagsráðgjafarnema við Háskóla Íslands.
2. gr. Félagar eru allir þeir sem eru innritaðir í nám í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands og greitt hafa félagsgjöld hverju sinni. Félagsgjöld og upphæð þeirra skulu ákveðin af stjórn Faró. Stjórn Faró skal láta útbúa félagaskírteini sem félagsmönnum verður afhent er þeir hafa greitt félagsgjöld.
3. gr. Tilgangur félagsins er að vinna að félagslegum og hagsmunalegum málefnum félagsráðgjafarnema og vera fulltrúi þeirra innan háskólans sem utan. Faró skal sinna kynningarstarfi fyrir deildina.

### **Stjórn og nefndir**

4. gr. Stjórn félagsins skal skipuð forseta, varaforseta, gjaldkera, tveimur hagsmunafulltrúum og samskipta og kynningarfulltrúa. Að hausti skal kjósa meðstjórnanda úr hópi nýnema. Í forföllum forseta skal varaforseti gegna störfum hans en varaforseti er einnig yfir skemmtinefnd. Allir stjórnarmeðlimir hafa atkvæðisrétt en atkvæði forseta hefur tvöfalt vægi ef niðurstaða kosninga er jöfn.
5. gr. Forseti félagsins er helsti talsmaður félagsins út á við. Hann boðar aðalfund sem og félagsfundi eftir þörfum.
6. gr. Skipa skal einn af meðlimum stjórnar sem ritara. Ritari skal halda gerðabók þar sem í eru skráðir stjórnarfundir, félagsfundir og allir helstu viðburðir deildarinnar.
7. gr. Gjaldkeri félagsins sér um fjárreiður félagsins. Hann heldur utan um tekjur og gjöld félagsins og leggur á aðalfundi fram endurskoðaða reikninga þess.
8. gr. Hagsmunafulltrúar skulu sitja á deildarfundum.
9. gr. Í skemmtinefnd eiga þrír fulltrúar sæti að forseta skemmtinefndar frátöldum. Nefndin hefur umsjón með öllu skemmtanahaldi innan félagsins. Nefndin skal standa að árshátíð í mars eða apríl ár hvert. Skemmtinefnd á ekki atkvæðarétt í stjórn.
10. gr. Kosning embættismanna á aðalfundi skal vera bundin og leynileg. Framboð skulu hafa borist í stjórn félagsins í upphafi þess fundar er kosning fer fram. Fari svo að framboð berist ekki í öll embætti sem kosið er í skal lýsa eftir framboðum á fundinum.

11. gr. Ef stjórnarmaður Faró fær á sig vantraustsyfirlýsingu frá stjórn skal hann umsvifalaust víkja úr sæti ef einróma samþykki annarra stjórnarmanna hlýst. Vantraust á embættismenn félagsins skal borið fram skriflega og skulu minnst 10% félagsmanna skrifa undir það. Stjórn félagsins skal boða til félagsfundar um vantraust innan viku. Til að samþykkja tillögu um vantraust þarf meira en helming atkvæða. Ef vantraust er samþykkt, skal kosið á ný til viðkomandi embættis á sama hátt og á aðalfundi.

12. gr. Ef embættismaður segir af sér skal meðstjórnandi taka sæti hans. Varaforseti skal þó alltaf vera staðgengill forseta

### **Starfsemi félagsins**

13. gr. Árgjald félagsins skal ákveðið af stjórn félagsins í upphafi skólaárs. Meðlimir stjórnar þurfa ekki að greiða félagsgjöld né þeir sem áður hafa setið í stjórn. Tekjum sem fást með árgjaldi skal varið til eflingar starfsemi félagsins.

14. gr. Nýnema fögnuður og kynningarfundur fyrir nýnema skal haldinn í upphafi haustannar ár hvert, hið mesta 2 vikum eftir að almenn kennsla hefst.

15. gr. Starfsár og reikningsár félagsins miðast við aðalfund. Tekjuafgangi hvers árs skal ráðstafað að öllu leyti til viðtakandi stjórnar og skal stjórn hvers starfsárs kappkosta við að skila félaginu af sér í góðri fjárhagslegri stöðu.

### **Fundarhald félagsins**

16. gr. Aðalfundur félagsins skal haldinn að vori. Boða skal til hans með minnst sjö daga fyrirvara og skal fundurinn vera auglýstur öllum nemendum.

17. gr. Dagskrá aðalfundar:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla fráfarandi stjórnar flutt og hún rædd ef þurfa þykir.
3. Gjaldkeri skal leggja fram reikninga félagsins til samþykktar.
4. Tillögur að lagabreytingum ræddar ef þær eru fyrir hendi og atkvæði greidd um þær.
5. Embættismenn félagsins kjörnir:

Kjósa skal forseta, varaforseta, gjaldkera, tvo hagsmunafulltrúa og samskipta og kynningafulltrúa.

Kjósa skal þrjá í skemmtinefnd.

6. Önnur mál

18. gr. Aðalfundir og almennir félagsfundir hafa æðsta úrskurðarvald í málefnum félagsins og hafa félagar einir atkvæðisrétt. Til félagsfundar skal boða á sama hátt og aðalfundar, með þeirri undantekningu þó, að til félagsfundar skal að jafnaði boða til með þriggja daga fyrirvara. Stjórn félagsins er þó heimilt að boða til félagsfundar með styttri fyrirvara en þó skal gera öllum félagsmönnum viðvart um fundinn.

19. gr. Stjórn félagsins er skylt að boða til almenns félagsfundar ef 10% félagsmanna fer fram á það og skal beiðnin undirrituð af viðkomandi félagsmönnum.

20. gr. Stjórn félagsins skal í upphafi haustmíssis halda kynningarfund um starfsemi félagsins fyrir fyrsta árs nema. Þar skal kosinn meðstjórnandi af fyrsta ári og tekur hann sæti í stjórn félagsins. Ef ekki hefur tekist að kjósa í öll embætti að vori skal það gert á þessum fundi.

21. gr. Breytingar á lögum félagsins verða aðeins gerðar á aðalfundi og þarf hreinan meirihluta atkvæða fundarins til að samþykkja tillögu um lagabreytingar. Tillögum að lagabreytingum skulu hafa borist stjórn félagsins eigi síðar en fjórum dögum fyrir aðalfund. Skulu þær birtar um leið og þær berast á þeim stöðum sem aðalfundur er auglýstur.

22. gr. Lög þessi túlkar stjórn félagsins.

23. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi og um leið falla úr gildi fyrri lög félagsins.

Undirritað af forseta FARÓ, dagsetning

---